



Vesturbyggð

# Hafnarsvæðið á Patreksfirði

DEILISKIPULAGSBREYTING



LANDMÓTUN®

Forsíðumynd fengin að láni á Facebooksíðu Patrekshafnar Vesturbyggð.



Óskar Örn Gunnarsson og Eyrún Pétursdóttir  
Hamraborg 12, 200 Kópavogi - [www.landmotun.is](http://www.landmotun.is)  
sími 575 5300 - netf: [landmotun@landmotun.is](mailto:landmotun@landmotun.is)

Deiliskipulagbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_ og í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_. Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20\_\_. Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

\_\_\_\_\_

Greinargerð þessari fylgir deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2.000 dagsettur XX.05. 2026

## Efnisyfirlit

1	INNGANGUR.....	4
2	MARKMIÐ.....	4
3	BREYTINGAR Á DEILISKIPULAGI .....	5
3.1	Hafnarkantur.....	5
3.2	Aðrar breytingar.....	5
4	Umhverfismat.....	7

# 1 INNGANGUR

Gerð er breyting á deiliskipulagi hafnarsvæðis á Patreksfirði sem var samþykkt 25.02. 2013. Áður hafa verið gerðar sex breytingar á deiliskipulaginu frá samþykkt þess.

Deiliskipulagsbreyting þessi á sér stað þar sem ákveðið hefur verið að fara í gerð stórskipakants við Patrekshöfn, samhliða öðrum minni breytingum á skipulagi sem krefst þess að gerð verður sjötta skipulagsbreytingin.

Breyting þessi er mögulega matskyld samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Breytingin er í takt við stefnu Aðalskipulags Vesturbyggpar 2018-2035 hvað varðar áherslu þess á að efla hafnarsvæðið á Patreksfirði. Breyting þessi kallar þó á aðalskipulagsbreytingu þar sem fyrirhugaður stórskipakantur nær út fyrir núverandi afmörkun hafnarsvæðisins. Aðalskipulagsbreyting verður því gerð samhliða deiliskipulagsbreytingu þessari þar sem mörk verða uppfærð.

# 2 MARKMIÐ

Markmið breytingarinnar er fjölþætt en miðar meðal annars að því að skilgreina nýjan hafnarkant, liðka til fyrir byggingarheimildum á núverandi lóðum á deiliskipulagssvæðinu, uppfæra skipulagsmörk og skilgreina nýja vegi ásamt almennum lagfæringum á lóðamörkum núverandi lóða

## 3 BREYTINGAR Á DEILISKIPULAGI

Breytingar á deiliskipulagi hafnarsvæðis á Patreksfirði eru fjölþættar eins og fyrr segir og verða því raktar hér að neðan í nokkrum liðum. Fyrst með umfjöllun um fyrirhugaðan hafnarkant og þar fyrir neðan upptalning á öðrum breytingum.

### 3.1 Hafnarkantur

Bætt er við nýjum 180m löngum hafnarkanti en aukinn umsvif á hafnarsvæðinu s.s. vegna fiskeldis og til að opna á möguleikann að geta tekið á móti stærri skemmtiferðaskipum kalla á stærri hafnarkannt. Áætlað umfang landfyllingar er 0,8 ha og mun nýi hafnarkanturinn geta tekið við skipum allt að 150-160m að lengd. Gróflega áætlað magn sem þarf af landfyllingu er á bilinu 40-45.000 m<sup>3</sup>. Fyrirhugað er að það grjóti í landfyllinguna verði fengið út nálægri námu. Stálþil skal notað umhverfis landfyllingu.

### 3.2 Aðrar breytingar

Hér eru taldar upp þær aðrar breytingar sem deiliskipulagsbreytingin felur í sér. Þær breytingar sem fela í sér breytingar á uppdrætti verða einnig taldar upp og merktar inn á uppdrátt til skýringar. Númer breytinganna eins og þau koma fyrir hér að neðan eru þau sömu og á uppdrætti. Neðst koma svo þær breytingar sem af einhverri ástæðu er ekki hægt að merkja inn á uppdrátt eða sem fela einungis í sér breytingu á greinagerð.

2. Skilgreind er ný vegtenging að nýja hafnarkantinum ásamt nýjum vegi sem mun tengja nýjan hafnarkantinn við núverndi hafnarsvæði.
3. Bætt er við vegtengi frá hafnarsvæði að Eyrargötu.
4. Bæta er við vegtengingu út á Odda.
5. Lóðamörk eftirfarandi lóða leiðrétt innan deiliskipulagssvæðis og stærðir lagfærðar til samræmis.
  - a. Vatnskrókur 1-24 breytt úr sex 128 fm<sup>2</sup> lóðum í eina 1288 fm<sup>2</sup> lóð.
  - b. Þórsgata 10 og 10b var 775 fm<sup>2</sup> en er nú 1127 fm<sup>2</sup>.
  - c. Þórsgata 10a var 780 fm<sup>2</sup> en er nú 842 fm<sup>2</sup>.
  - d. Þórsgata 8 var 1036 fm<sup>2</sup> en er nú 1339 fm<sup>2</sup>.
  - e. Bjarkargata 11 var 1710 fm<sup>2</sup> en er nú 1277 fm<sup>2</sup>.
  - f. Patrekshöfn frystihús var 7079 fm<sup>2</sup> en er nú 6990 fm<sup>2</sup>.
  - g. Vatnseyri Straumnes var 5209 fm<sup>2</sup> en er nú 5004 fm<sup>2</sup>.
  - h. Gámasvæði var 1789 fm<sup>2</sup> en er nú 1732 fm<sup>2</sup>.
  - i. Olíusjálfsafgreiðsla var 274 fm<sup>2</sup> en er nú 363 fm<sup>2</sup>.
  - j. Vatnseyri Olíufélagið var 1292 fm<sup>2</sup> en er nú 1935 fm<sup>2</sup>.
  - k. Uppsátur fyrir báta var 3154 fm<sup>2</sup> en er nú 2137 fm<sup>2</sup>.
  - l. Vatnseyri Landssími var 104 fm<sup>2</sup> og Vatnseyri fiskmjölsverksmiðja var 3778 fm<sup>2</sup> en er nú sameinað undir eina lóð sem er 4248 fm<sup>2</sup>.
  - m. Vatnseyri vélasmiðja var 3778 fm<sup>2</sup> en er nú 2961 fm<sup>2</sup>.
  - n. Vatnseyri orkubú var 2408 fm<sup>2</sup> en er nú 2508 fm<sup>2</sup>.
  - o. Lóð suðvestan við Eyrargötur 5 var 630 fm<sup>2</sup> en er nú 629 fm<sup>2</sup>.
  - p. Lóð þar fyrir neðan (hornlóð) var 1023 fm<sup>2</sup> en er nú 994 fm<sup>2</sup>.

- q. Aðalstræti 1a var 281 fm<sup>2</sup> en er nú 684 fm<sup>2</sup>.
- r. Aðalstræti 1 var 556 fm<sup>2</sup> en er nú 602 fm<sup>2</sup>.
- s. Aðalstræti 3 var 1020 fm<sup>2</sup> en er nú 1261 fm<sup>2</sup>.
- t. Aðalstræti 5 var 1260 fm<sup>2</sup> en er nú 1448 fm<sup>2</sup>.
- u. Aðalstræti 7 var 1538 fm<sup>2</sup> en er nú 1547 fm<sup>2</sup>.
- v. Aðalstræti 9 var 360 fm<sup>2</sup> en er nú 423 fm<sup>2</sup>.
- w. Þórsgata 1 var 500 fm<sup>2</sup> en er nú 546 fm<sup>2</sup>.

6. Lóðastærð íþróttavallar sameinuð í eina heildar tölu, þ.e. 12221 fm<sup>2</sup>
7. Nýrri lóð bætt við norðan Eyrargötu, fyrir framan Aðalstræti 1a stærð 445 fm<sup>2</sup>.
8. Sett inn skilgreining á þvottaplani við beitiskúra.
9. Uppsátur fyrir báta komið fyrir norðvestast á skipulagssvæðinu.
10. Vegur fyrir ofan uppsátur fyrir báta aðlagður að núverandi stöðu.

Eftirfarandi breytingar eru ekki merktar inn á uppdrátt eða eiga einungis við greinagerð.

- Gerðar eru leiðréttingar á Þórsgötu og víðar til samræmis við núverandi stöðu.
- Byggingarheimildum bætt við á lóðum á hafnarsvæði sem og við Aðalstræti.
- Varnargarðar aðlagðir að núverandi stöðu.
- Byggingareitir/lóðir við beitiskúra aðlagðir að núverandi stöðu.
- Skiplagssvæði stækkað.
- Mörk hafnarsvæðis lagfærð.
- Hættumatslínur uppfærðar.
- Á svæði þar sem sjónvörn er sýnd á milli viðlegukanta er möguleiki á að koma fyrir skipalyftu. Staðsetning er óviss
- Bætt er við eftirfarandi skilmálum í greinagerð:  
Á lágsvæðum skal viðmiðunarkóti nýbygginga vera á bilinu 5,15-6,65 (m.v. hæðarkerfi hafnar á hverjum stað) og miðast það við meðalstór straumsflóð á hverjum stað fyrir sig.

Að öðru leyti gilda skilmálar í gildandi deiliskipulagi með síðari breytingum.

## 4 Umhverfismat

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér uppbyggingu á 180m löngum hafnarkanti sem er áætlað að geti tekið við skipum allt upp að 160m að lengd. Skip að þessari lengdargráðu eru oft á bilinu 10.000 – 30.000 tonn að heildarþyngd. Mögulega er framkvæmdin eins og fyrr segir því matskyld samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 út frá tölulíð 10.09 í viðauka laganna. Sökum þessa er því gert ítarlegt umhverfismat fyrir framkvæmdina.

*Viðauki- 10.09: Viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir og viðlegubryggjur til lestunar og löndunar utan hafna (aðrar en ferjulægi) fyrir skip stærri en 1.350 tonn.*

*Lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021*

Margar af minni breytingunum sem greint er frá í breytingunni eru taldar hafa jákvæð áhrif á samfélagið á Patreksfirði. Verið er að auka við athafnasvæði hafnarskemmu vegna aukinnar eftirspurnar eftir auknu byggingarmagni á svæðinu. Sett er kvöð um aðgengi að smábátahöfn til að tryggja að aðgengi að henni skerðist ekki. Skilgreining á vegi neðan Strandgötu 39-45 og Strandgötu 37 er til þess að bæta aðgengi að þeim lóðum og ný aðkoma að hafnarsvæðinu mun hafa jákvæð áhrif á áheilsu og öryggi íbúa þar sem umferð t.a.m. þunga umferð og flutningar munu færast að mestu yfir á nýja aðkomu og þar með eykst umferðaröryggi á Strandgötunni.

### Lífríki í sjó

Notast verður við stálpil við gerð bryggjukants. Þetta er jákvætt hvað umhverfisáhrif á lífríki í sjó varðar og virkar sem ákveðin mótvægisáðgerð strax frá upphafi. Þegar fyllingarefni er losað inn fyrir stálpilið kemur það í veg fyrir að grugg og fínni einingar (múkk) dreifist út í Patreksfjörð. Þetta verndar lífríki fjarðarins á framkvæmdartíma. Það botnlíf sem lendir undir landfyllingunni mun hins vegar verða fyrir varanlegum áhrifum en verulega takmörkuð áhrif verða utan stálpilsins.

Fjaran á umræddu svæði er af gerðinni grýttar fjörur sem eru ekki í neinum verndarflokk skv. Vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands.

### Hjóðvist og ónæði

Á framkvæmdartíma verða verulega neikvæð áhrif hvað varðar hljóð og ónæði á nærumhverfið en mikill hávaði kemur af því að reka niður stálpil. Hávaðinn mun hafa áhrif á íbúa og fyrirtæki í miðbæ Patreksfjarðar, sem og á dýralíf í sjó. Þessi áhrif var þó aðeins á meðan á þessari framkvæmd stendur og sem mótvægisáðgerð verður niðurrekstur stálpils strangt takmarkaður við dagvinnutíma ( milli kl. 08:00–17:00) á virkum dögum. Auk þess sem íbúar og hagsmunaaðilar verða upplýstir með góðum fyrirvara um hvenær háværir kaflar framkvæmdarinnar munu eiga sér stað.

Flutningur fyllingarefni mun auka álag á vegakerfi Patreksfjarðar á framkvæmdartíma. Vegna stálpilsins nýtist fyllingarefnið betur þar sem engin hætta er á að það „skríði“ eða skolist út í fjörðinn á meðan framkvæmd stendur.

### **Setflutningur og stöðugleiki kantsins**

Fyrirhugað 180 metra stálþil og landfylling munu fylgja núverandi línu hafnarkantsins og skaga ekki frekar út í fjörðinn en nú er. Þar sem framkvæmdin breytir ekki strandlínu fjarðarins eða lögun hafnarinnar að neinu ráði, mun hún ekki hafa áhrif á ríkjandi sjávarstrauma eða setmyndun (sand- og leðjusöfnun) í Patreksfirði. Straumkerfi fjarðarins mun halda áfram að virka með sama hætti og fyrir framkvæmd.